



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

ALLT FRÁ STEINA STÁLHESTI TIL TOMMA TRÉBYKKJU

— Fjölmenni, gáski og gleði á velheppnuðu Botnsdalsmóti skáta um helgina

„Það var í Botnsdalnum, einn hjartan dag, þar sungu skátarnir sitt skæra lag, því allir undu þar við yndishag..“. Þannig var sungið fullum hálsi á Jónsmessumóti skáta í Botnsdal um helgina, og því verður ekki á móti mælt, að allir hafi þar unað við yndishag í blíðskaparveðri var þar keppt milli einstaklinga og félaga, farið í gönguferðir og setið við varðelda.

Þetta sjötta Botnsdalsmót, sem Skátafélag Akraness gekkst fyrir var sótt af meira fjölmenni, en nokkru sinni fyrr. Er gizkað á, að tala mótsgesta

hafi náð líðlega 1000 þegar flest var.

Þeir ókunnugir, sem heim-sóttu mótið, hafa vafalaust furðað sig á háttalagi sumra skátanna. Einhverjir burðuðust með steina úr ánni í tjald dag-skrárstjórnar, aðrir slógust, enn aðrir kepptust við að henda bréflugum yfir mótstjórnar-tjaldið og svo voru aðrir, sem kepptu í fótþolta með harla einkennilegum hætti, öllum leik-reglum hafði verið snúið við og boltinn kyldur áfram eftir jörðinni með knýttum hnefum.

Engin furða þótt ókunnugir hafi rekið upp stór augu. En það var ástæðul, að óttast eitt eða annað, skátarnir voru einungis að uppfylla kröfur einstaklings-keppninnar, en hún var í fimmtán liðum og gerði m.a. kröfur til þess, að hver og einn hefði a.m.k. fengið eina kvefpest á mótinu.

Botnsdalsmótið hófst seint á fimmtudag og samanstóð dagskrá þess dags aðeins af tveim dagskrárlíðum, sá fyrri var nefndur „Steini stálhestur“ og var mótsetning og varðeldur, sá



Mótsskráin gat um „Steina gráduga“ þegar hún tfmasetti matmálistímana. Hann hefur greinilega átt eintak af mótsskránni þessi.....

síðari var svo nefndur „Jói slíp-ari“ og gerði kröfur til kyrrðar. Mótið stóð svo næstu þrjú daga, eða þar til klukkan þrjú eftir hádegi í gær, en þá var komið að „Tómma trébykkju“ — nefnilega mótsslitum. —BJM



Nær 800 skátar dvöldu í Botnsdal yfir helgina. Margt gesta bar líka að garði, þá einkum á laugardegnum, en þá er gizkað á að tala mótsgesta hafi verið líðlega eitt þúsund. — Hvernig stendur þá eiginlega á því, að enginn skuli koma til dyra?



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

K. F. U. M.

Önnur Væringjasveit.

Haldinn verður sveitarfundur í húsi K.F.U.M. mánudaginn 4. júlí kl. 8½ síðdegis. Rætt verður um vikumótið í **Botnsdal** o.fl. Þeir, sem sækja vikumótið, eru beðnir að hafa með sér peninga og greiða á fundinum helming fargjalds. — Þeir skátar, utan sveitarinnar, sem hafa í hyggju að sækja mótið, mæti einnig á þessum fundi.

Vísir 2.7.1932

Skemtiferð

fer Verslunarmannafélagið Merkúr

í Hvalfjarðarbotn. Lagt verður af stað kl. 8 síðd. á laugardagskveld í kassabilum, inn í **Botnsdal**. Þar verður legið í hlöðu um nóttina og síðan farið gangandi til Þingvalla, en þaðan í bilum heimleiðis. Farið kostar að eins 7 krónur.

Fjöldi manns, konur og karlar, hafa þegar tilkynt þátttöku sína, en allir sem ætla að vera með, eru beðnir að tilkynna það til skrifstofu Merkúrs fyrir hádegi á laugardag.

Stjórnin.

Vísir 15.7.1932



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

UNGA ÍSLAND

63



Tjaldbúðir í Botnsdal.

Laust eftir hádegðið, þ. 9. júlí, lögðum við 11 skátar úr annari Væringja-sveit í Reykjavík af stað í hina árlegu vikuútilegu okkar, til að njóta samvista í skauti náttúrunnar þennan stutta tíma. Í þetta sinn var ferðinni heit-

vistum okkar. Urðu fagnaðarfundir, er við hittum þá heilu og höldnu eftir sjóferðina. Slógum við nú upp tjöldum okkar og sváfum þarna yfir nóttina. Ætlunin var þó, að hafa tjaldbúðirnar innar í dalnum, og fóru því 4 okkar morguninn eftir, til að svipast eftir heppilegu tjaldstæði. Komu þeir aftur



ið upp í Botnsdal, en hann liggur, eins og kunnugt er, fyrir botni Hvalfjarðar. Flestir okkar fóru, í kassabíl, upp í Mosfellssveit, fyrir framan Esju og inn með Hvalfirði. Í Botnsdalinn komum við eftir miðnætti, eftir ágæta ferð. Fjórir af fjelögum okkar höfðu farið fyr um daginn, með mótorbátum *Dagný*, og höfðu þeir meðferðis megnið af

von bráðar, og byrjuðum við þá að flytja búferlum á inndælan tjaldstað, skamt frá bænum Litla-botni. Reistum við nú þarna tjaldborg á grasigrónum velli, umkringdum ilmandi birkiskógi. Nú var nóg að gera, að koma öllu vel og þægilega fyrir, því þarna ætluðum við að búa í heila viku. Gestrisni ná-granna okkar kom fljótt í ljós, því

þenna sama dag, var okkur öllum með tölu boðið að koma um kvöldið heim að Litla-botni og sitja þar afmælisveislu. Þáðum við boðið með þökkum og keptumst við að greiða okkur og þvo, til að láta fólkið sjá, að jafnvel útilegumenn gætu verið þökkalega til fara. Þegar klukkan var 6, gengum við heim að bænum. Var okkur strax boðið í stofu. Þar sátum við í góðu yfirlæti fram eftir kvöldinu. Um leið og við fórum og þökkum fyrir góðan beina, báðum við fólkið á bænum, að gera okkur þá ánægju, að verða viðstatt við varðeld hjá okkur næsta laugardagskvöld, því við höfðum ákveðið, að bjóða öllum nábúum okkar til tjaldbúðanna þetta kvöld. Var því vel tekið. Gengum við nú aftur til tjaldanna og lögðumst til svefns.

Framh.

Dórður Möller.



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

Botnsdalur.



Peir, sem hafa lagt leið sína kringum Hvalfjörð, munu hafa veitt athygli tveimur dalverpum inst fyrir botni fjarðarins. Ef farið er frá Reykjavík, þá er sá fremri sem komið er að Brynjudalur, en sá innri Botnsdalur. Hann er ekki mikill að viðáttu, en skógi prýddur og umgirtur háum og tignarlegum fjöllum. Eftir Botnsdal miðjum rennur á sem er samnefnd dalnum, og er í henni ofanverðri hár foss, í glæfralegum gljúfrum, nefndur Glymur. Inst fyrir Botnsdal blasir við Hvalfell og Botnsúlur í baksýn. Í dalnum eru tveir reisulegir bóndabæir, Stóri- og Litli-Botn. Í Litla-Botni býr Þorkell Pétursson, en í Stóra-Botni Helgi Jónsson. Peir eru báðir búhóldar góðir og höfðingjar heim að sækja. Ofan hliðina að norðanverðu rennur Litla-Botnsá út í Botnsá, sem rennur eftir miðjum dalnum, svo sem áður er getið.

Í þessum litla dal, sem er einhver sá fegustí sem getur að lita í nágrenni Reykjavíkur, voru skátar, í tjaldbúðum, vikutíma í sumar í júlímánuði, og nutu þar sumars og sólar í rikum mæli. Peir voru flestir úr 2. Væringjasveit í Reykjavík, en 1 frá Akranesi. Tjaldbúðir sínar höfðu þeir á rennisléttum flötum í norðanverðum dalnum, nokkuð fyrir innan Litla-Botn. Voru tjöldin þar umkringd háum og beinvöxnum skógi, sem gerði staðinn hlýjan og skemtilegan, en yfir skóginum blakti íslenski fáninn á stöng, sem stóð fyrir tjaldbúðunum miðjum.

Tíminn var fljótur að liða og var reynt að verja honum sem best. Gengið var upp á Þýril, Sútur, upp að Glym og víðar, og tveimur dögum var varið í gönguferð yfir Botnsheiði og upp í Skorradal. Veður var ágætt norður, en talsvert „slark“ til baka, og var ferðin síst verri fyrir það. Þó

að allir væru gegnvotir þegar þeir komu að tjöldunum, þá leið öllum vel þegar búið var að skifta um fót og skriða í svefnpokana og fá heitt kaffi til hressingar.

Milli gönguferðanna var verið heima við tjöldin, í leikjum, baði í ánni o. s. frv. Á kveldin var slegið hring um varðeldinn, sungið og skemt sér og rifjað upp ýmislegt af því, sem gerst hafði. Í dalnum var gefið út blað, sem hét Bergmál, og var það lesið upp á kveldin við varðeldana. Í blaðinu voru ýmsar frásagnir úr ferðinni, kvæði o. fl. Einnig kom í Bergmáli mjög hlýleg kveðja frá Þorsteini Briem ráðherra.

Öllum flokknum var boðið heim til veizlu bæði á Litla- og Stóra-Botni, og seinasta kveldið, sem skátarnir voru í dalnum, buðu þeir fólkinu af bæjunum til sín í tjaldbúðirnar og skemtu því eftir fongum við varðeld. Var þá um kveldið mótinu slitið um leið og fáninn var dreginn niður í síðasta sinn í þeirri útilegu, og gengu menn hljóðlega til hvílu í tjöldin, og glöggvuðu upp fyrir sér sælar endurminningar þessarar hollu og skemtilegu útiveru, með friskum og góðum félögum, í bjartri von um að eiga síðar eftir að njóta slíkrar hvíldar frá hversdagslífinu í skauti hinnar frjálsu íslensku náttúru.

Tryggvi Kristjánsson.

9. hefti


Reykjavík, september 1932.

27. árg.

Tjaldbúðir í Botnsdal.

Við vöknudum árla á mánudaginn. Okkar fyrsta verk var auðvitað, að þvo okkur úr hinu svala og hressandi vatni Litlu-Botnsár. Fram undir hádegðið vorum við að dunda við ýmislegt eða lágum og gleiktum sólskinið. En strax að loknum miðdegisverði, ögðum við land undir fót og beindum sporum okkar áttina til Þyrils, fjallsins ágra, sem flestir kannast við. Fjallganginn gekk mjög greiðlega. Af Þyrli er útsýni ágætt og nutum við þess í fylsta mæli. Þaðan gæst, meðal annars, Harðarhólmi, sem allir kannast við, sem lesið hafa Harðarsögu hólmsverja. Þegar heim í tjöldin kom, fengum við smurt brauð og heitt kaffi. Það sem eftir var dagsins, vorum við að ýmsum leikjum og fórum síðan að háttu á venjulegum tíma.

Samkvæmt dagskránni, var næsta degi varið til að ganga yfir í Skorradal. Sú leið liggur norður yfir Botnsheiði, og er um 3 tíma gangur frá Litlabonti að Vatnshorni, sem er með efstu bæjum í Skorradal og er niður við



Foss í Skorradalssá.

Skorradalssvatn. Dalurinn er skógi prýddur og mjög skemtilegur í alla staði, enda skoðuðum við okkur ræki-lega um.

Bórður Möller.

Frh.



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

Tjaldbúðir í Botnsdal.

Í Vatnshorni býr Eggert bóndi Guðmundsson. Veitti hann okkur ágæt- ar móttökur, með mat og drykk, og fengum við síðan leyfi til að sofa þar í hlöðunni. Okkur sofnaðist vel í hlöð- unni, en morguninn eftir vöknudum við við það, að rigningin buldi á hlöðupak- inu. Vorum við því rólegir þar fram- undir hádegi. Loks lögðum við þó upp, kvöddum fólkið á bænum og þökkud- um því fyrir ágæt- ar móttökur og þrómmuðum síðan af stað. Um nónbil- ið vorum við komnir heim að tjaldbúð- unum í Botnsdal, rennandi blautir af rigningunni, en harðánægðir yfir Skorradalsförrinni.

A fimtudaginn var veðrið talsvert betra, og fórum við þá að skoða fossinn *Glym*, sem fellur þar í djúpu og þróngu gili. Okkur fanst fossinn tilkomumik- ill og tókum margar myndir af honum.

Næsta degi, föstudegi, var varið til þess að ganga á Botnssúlur. Þær blasa við botni Hvalfjarðar og eru með tignarlegustu og fegurstu fjöllum á Suðurlandi.

Snemma á föstudagsmorgun lögðum við af stað til fjallsins; en þar sem okkur hafði verið boðið inn að Stóra-Botni þennan sama dag, tókum við það ráð, að koma þar við í leiðinni. Okkur var tekið þar tveim höndum, boðið í stofu og veitt allskonar góðgæti. Þegar við höfðum kvatt fólkið á bænum og þakk-

að fyrir okkur, lögðum við enn af stað í fjallgönguna. Var það löng ganga og erfið á köflum, því að víða er brattar sandskriður upp að fara. En slíkt ljet- um við ekki á okkur fá og hjeldum ó- trauðir áfram upp á efsta tindinn. Því miður var útsýn ekki eins góð og við hefðum kosið, þegar upp kom, og olli því þoka og dimmviðri. Þrátt fyrir það, þótti okkur fjallgangann ánægjuleg, og við komum heim í tjaldbúðirnar um kvöldið hressari og fróðari en áður.

Nú var komið að síðasta degi útilegu okkar — laugardeginum. — En hve tíminn hafði verið fljótur að líða. Þann dag vorum við um kyrt heima við tjald- búðirnar. Skemtum við okkur við leiki mestan hluta dagsins, en jafnframt und- irbjuggum við komu gesta þeirra, sem við höfðum boðið að vera við varðeldi okkar þetta kvöld.

Varðeldurinn skíðlogaði og gestirnir voru komnir. Þegar allir höfðu sest, byrjuðu skemtiatriðin. Þau voru ýmis- konar, t. d. var lesið upp úr blaðinu okkar »Bergmál«, en það blað kom út á hverju kvöldi í tjaldbúðum okkar og var vjelritað. Nokkrir skátar sýndu »hjálpi í viðlögum« og ýmsir skátasöngv- ar og gamanvísur voru sungnar. Virt- ust gestir okkar una sjer vel og sjálfir skemtum við okkur ágætlega. Rjett áð- ur en gestirnir fóru, stóð mótstjórinn upp og þakkaði dalbúum fyrir gestrisni og vináttu í okkar garð. Kvöldboðið end- aði með því, að dreginn var niður fán-

inn og sunginn fánasöngurinn. Síðan kvaddi fólkið og hjelt heim, en við skrið- um í svefnþoka okkar og ljetum okkur dreyma vel um liðna daga.

Tryggvi Kristjánsson, sveitarforingi okkar, undirbjó mót þetta og stjórnaði. Færum við honum hjermeð bestu þakkir fyrir góða samveru.

Bórður Möller.

úr unga ísland 27.árg 1932 10 tbl bls 79 og 80



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

Fjölmennt skátamót í Botnsdal.

Skátafélag Akraness annaðist allan undirbúning hins fjölmenna móts, og gerði það með miklum ágætum, en mótsstjóri var Páll Gíslason sjúkrahúslæknir á Akranesi. Var mótið sérstaklega helgað hinum mikla skátahöfðingja og stofnanda þessa merkilega félagskapar, Robert Baden-Powell. Þetta er ákjósanlegur staður til slíkra skemmtana, því að þarna er undursamlega fallegt í góðu veðri. Er talið að mótið hafi sótt um 700 manns er flest var.

Nú er mikið líf í þessum félagskap hér, enda á hann mörgum ágætum og áhugasömum ungum og eldri á að skipa. Þrátt fyrir það, mun það almannarómur innan félagsins, að hið gróskumikla líf þess nú, byggist langmest á framúrskarandi foringjahæfileikum Páls læknis, sem leggur alla sál sína í þetta mikilvæga starf, og telur þá ekki þær stundir, sem hann offrar þessu unga fólki. Slíkur áhugi og einlægni í starfi hefur þá einnig hina góðu kosti, að sýra allt deigið. Það er mikið happ hverju bæjarfélagi að eiga slíka úrvalsmenn til starfs. Menn, sem lifa fyrir hugsjónir, og gera þær að veruleika í eigingjörnu virku starfi. Þess hefur sjaldan verið meiri þörf en nú, á hinni eigingjörnu öld hins mikla matrialisma.

úr Tímanum 7.7.1957

Skátamót í Botnsdal um helgina

Af tilefni 100 ára afmælis Baden-Powells skátahöfðingja er haldið mót í Botnsdal í Hvalfirði. Mótið var sett á fimmtudaginn var. Héðan frá Reykjavík sækja um 100 skátar mótið, bæði piltar og stúlkur.

Mótsstjóri er Páll Gíslason yfirlæknir á Akranesi og Skátafélag Akraness stendur fyrir mótinu. Geysimikill undirbúningur var í Botnsdal fyrir mótið, og voru það skátarnir á Akranesi, sem að honum stóðu. Mót þetta er haldið að tilefni 100 ára afmæli Baden-Powells, og til að minnast 50 ára afmælis skátahreyingarinnar.

Alls munu 500 skátar af Suð-Vesturlandi sækja mótið.

Akranes 16.árg 1957 2.tbl bls 129. 1.4.1957

Skátamót í Botnsdal um helgina

Af tilefni 100 ára afmælis Baden-Powells skátahöfðingja er haldið mót í Botnsdal í Hvalfirði. Mótið var sett á fimmtudaginn var. Héðan frá Reykjavík sækja um 100 skátar mótið, bæði piltar og stúlkur.

Mótsstjóri er Páll Gíslason yfirlæknir á Akranesi og Skátafélag Akraness stendur fyrir mótinu. Geysimikill undirbúningur var í Botnsdal fyrir mótið, og voru það skátarnir á Akranesi, sem að honum stóðu. Mót þetta er haldið að tilefni 100 ára afmæli Baden-Powells, og til að minnast 50 ára afmælis skátahreyingarinnar.

Alls munu 500 skátar af Suð-Vesturlandi sækja mótið.

Akranes 16.árg 1957 2.tbl bls 129. 1.4.1957



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

Á sjötta hundrað skátar gistu í Botnsdal um helgina

Um síðustu helgi var haldið skátamót í Botnsdal fyrir Suð-Vesturland til minningar um 100 ára afmæli Baden-Powells stofnanda skátahreyfingarinnar og 50 ára afmælis hreyfingarinnar. Tæplega 500 skátar sóttu allt mótið, bæði piltar og stúlkur.

Mótið var sett á fimmtudaginn var með viðhöfn. Hvert skátafélag fékk sitt afmarkaða svæði fyrir tjaldbúðir sínar. Félögin höfðu hvert um sig sitt hlið og var mikill kapp um að hafa fallegasta hliðið. Til dæmis höfðu drengjaskátar úr S. F. R. skjaldamerki Reykjavíkur í sínum hliði og mikla athygli vakti hlið Hveragerðis skátar en þeir höfðu heimatilbúinn hver í miðju hliðinu.


Á mótnu var gefið út dagblað er bar nafnið „Glymur“ eftir samnefndum foss í Botnsdal sem er talinn einn hæðsti foss á landinu.

Á sunnudag var messað, séra Sigurjón Guðjónsson prófastur á Saurbæ messaði. Mikill fjöldi skátar kom um helgina svo að alls gistu hátt á sjötta hundrað skátar Botnsdal um helgina. Á laugardagskvöld var varðeldur fyrir skátana og gesti þeirra. Mótstjóri var Páll Gíslason yfirlæknir á Akranesi og Skátafélag Akranes stóð fyrir mót-

inu. Sunudagurinn var síðasti dagur mótisins og sleit dr. Helgi Tómasson skátahöfðingi mótnu.

Ljósir blettir í stað mynda af Malenkoff og Molotov

BERLÍN — Gestir í rússneska sendiráðinu tóku eftir því fyrir skömmu, tveim dögum eftir hreinsanirnar miklu í Moskva, að óvanalega ljósir blettir voru á veggjunum. Menn er höfðu komið í sendiráðið áður gátu sagt þá sögu, að er þeir komu þar síðast, hengu myndir þar sem ljósir blettirnir eru núna. Myndirnar voru af þeim Malenkov og Molotov, en hafa sýnilega verið fjarlægðar í skyndi er nýja línan kom frá Moskva.



Mótshlið Skátafélags Hveragerðis og sést hverinn fyrir miðri mynd.

úr Tímanum 9.7.1957



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013



Húð tjaldbúða Keflvíkinga á síðasta móti.

Skátamót í Botnsdal

I SUMAR gengst Skátafélag Akraness fyrir skátamóti í Botnsdal í Hvalfirði. Mótið hefst miðvikudaginn 29. júní og stendur til 3. júlí.

Þegar er vitað um all-mikla og almenna þátttöku ýmissa skátafélaga, en mótið er fyrst og fremst ætlað skátum, drengjum og stúlkum af Suðvesturlandi. Ekki er ennþá hægt að fullyrða um fjölda skátanna, sem koma, en búast má við 400–600 skátum frá 15 skátafélögum.

Mótasvæðið verður það sama, sem reyndist svo skemmtilegt á Baden-Powell-mótinu í Botnsdal

1957. Þar skiptist á skógarrunnar og falleg rjóður. Mun hvert skátafélag koma þar fyrir sinni eigin tjaldbúð með hliði, fánum og öðru sem tilheyrir tjaldbúðum skáta. Þar munu skátarnir reisa sína borg með flestu, sem rauðsynlegt er í venjulegu umhverfi heima. Matreiðslu alla og tjaldbúðastörf annast skátarnir sjálfir og er það megin þáttur í starfi skátafélaga, að skátinn geti hjálpt að sér sjálfur.

Dagskráin verður fjölbreytt og leitast við að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Umhverfið í Botnsdal og næsta

nágrenni býður upp á mikla náttúrufegurð og hin bestu skilyrði til iðkunar allskonar skátapróttar. Allt í kring eru tignarleg fjöll: Botnssúlur, Hvalfell, Þyrill. Eða staðir, sem gaman er að sjá, svo sem Hvaveiðistöðin, einn hæsti oss landsins: Glymur, og dýpsta vatn landsins: Hvalvatn, Skógarkjarrið og heiðardrögin eru tilvaldir staðir til allskonar skátaleikja.

Miðvikudagur: Skátar setja upp tjaldbúðir sínar. Mótssetning. — Varðeldur.

Fimmtudagur: Gönguferðir á Framh. á bls. 23.



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

fjöll og um nágrennið. Um kvöldið stór viðavangssleikur.

Föstudagur: Æfingar, leikir og keppni í skátaþróttum, svo sem hraðtjöldun, flaggamáli o. s. frv.

Laugardagur: Helmsóknir skáta, sem ekki eru á mótinu, ylfinga og ljósálfa. Foreldrar eru og velkomnir þennan dag og er frekar óskað eftir að það verði ekki aðra daga. Ýmsar hópsýningar úr skátastörfum fara fram þennan dag. — Um kvöldið verður stærsti varðeldur mótsins.

Sunnudagur: Fyrir hádegi er skátamessa. En mótsslit fara fram síðdegis.

Allur undirbúningur fyrir mót ið er í fullum gangi, bæði hjá hinum ýmsu skátafélögum og hjá mótstjórninni, en hún er skipuð Akurnesingum. Skátafélag Akraness sér um mótið, sem er Suður- og Vesturlandsmót, haldið á vegum Bandalags íslenskra skáta.

Þá er ætlunin að gefið verði út mótisblað, og kemur það út á hverjum degi, meðan mótið stendur.

Mótstjórnin er þannig skipuð: Mótstjóri verður Páll Gíslason. Aðstoðarmótstjórar: Bragi Þórðarson og Auður Sæmundsdóttir. Tjaldbúðastjórar: Málfriður Þorvaldsdóttir og Sigurður B. Sigurðsson. Varðeldastjórar: Ragnhildur Theódórsdóttir og Bogi Sigurðsson.

Skátapiing 1960

Skátapiing 1960 verður haldið á Akranesi 11.—12. júní n.k. Þar mæta fulltrúar hinna ýmsu skátafélaga á Íslandi til að leggja fram tíðaráætlanir um skátastarfið, og stjórna Bandalags íslenskra skáta. Búið er við, að um 50 fulltrúar komi til þingsins viðs vegar að.

mbl. 30.6.1960

Skátamót í Botnsdal

AKRANESI, 29. júní: — Í dag hófst í Botnsdal í Hvalfirði fjölmennt skátamót, undir forseti Páls lækis Gíslasonar. Þangað fjölmennu skótar úr höfuðberginni, Keflavíkur, Hafnarfirði, Kópavogi, Borgarnesi og Hvatnagfirði, og bókun úr bænum íor alþjóðsmennur hópur skáta. Mótið mun standa yfir þar til á sunnudagskvöldið. — Odillur.

Úr Mbl 29.5.1960

Tvö skátamót í Botnsdal

Þessa dagana eru haldin tvö skátamót, í Botnsdal í Hvalfirði og í Vatnsdalshólum. Það er Skátafélag Akraness undir stjórn Páls Gíslasonar lækis, sem hefur undirbúið mótið í Botnsdal, sem hófst 29. þ.m.

Í gær helmsótti forseti Íslands, hr. Ásgeir Ásgeirsson, verndari skátahreyfingarinnar á Íslandi mótið ásamt helztu forráðamönnum fyrir skátahreyfingunni hérlandis.

Mótið í Vatnsdalshólum hafa skátafélögin á Blönduósi og Skagaströnd undirbúið og sækja það einkum skátar af Norðurlandi. Foringjar félaganna eru Jón Ísberg, sýslumaður á Blönduósi og Ingólfur Ármannsson kennari á Skagaströnd.


Mótstímum eyða skátarnir í gönguferðir, skátaleiki og ýmsar skátaþróttir, en skemmta sér á skátavísu með ýmsum söngvum og leikþáttum á kvöldin. Báðum skátamótunum lýkur í dag.

Tíminn 3.7.1960



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013



mbl. 3.7.1960

Undanfarna daga hefir staðið yfir skátamót í Botnsdal í Hvalfirði. Sækja það 340 skátar af Suð-Vesturlandi. Í gær var forseti Íslands gestur skátanna en mótinu lýkur í dag. Mynd þessi var tekin í fyrradag og sýnir tjaldborg skátanna. (Sjá bls. 3).
(Ljósm. Mbl. Markús).

Tíminn 21.6.1963

Skátamót í Botnsdal um helgina

Akranesi, 4. júlí.

Það er komin hreyfing á skátana. Klukkan 8 í morgun fór fyrsti hópurinn inn í Botnsdal til að ljúka undirbúningi fyrir skátamótið, sem á að hefjast þar í dag.

Mótsvæðið er á lögrum og víðum völlum á vestur bakka Botnsár. Hátt uppi fellur bæsti foss á landinu, Glymur, ofan í regingljúfur Botnsár.

„Við þann himinn hás Glym hver sem skimar lengi fær í limu sundi og svim sem á Rimum hengi“, orti Sigvaldi Skagfirðingur.

Núna kl. 2 í dag var aðalferðin á mótið hðan. Sífelldur straumur skáta með bakpoka og svefnpoka var á blástöðina.

Hámarki nær skátamótið á sunnudaginn. Þá verður fjölmennast og mest um að vera.

— Oddur.

mbl. 6.7.1963

Skátamót í Botnsdal

Í sumar, 4.—7. júlí verður haldið skátamót í Botnsdal fyrir skáta af Suðvesturlandi. Eru það Akranesskátar, sem standa fyrir mótið, samkvæmt beiðni Bandalags ísl. skáta.

Tjaldbúðasvæðinu verður skipt í þrennt: Drengjabúðir, kvenskátubúðir og fjölskyldubúðir. Í fjölskyldubúðunum geta eldri skátar dvalið ásamt fjölskyldu sinni, ýmist allt mótið eða hluta af því. — Þátttökugjald fyrir hverja fjölskyldu er kr. 50.00, matar ekki innifallinn, en brauð, mjólk og flak verður hægt að kaupa á staðnum. Mótagjald fyrir skáta er kr. 200.00, innifalið mjólk, brauð og kex, ein kjótmálitið, fiskmálitið og skyr, einnig olla og svo mótsmerkið. Dagskrá mótsins er í stórum dráttum þannig:

Fimmtudag 4. júlí. Komið á mótsað eftir hádegis og tjöld reist, mótsæting og varðeldur um kvöldið.

Föstudag 5. júlí. Skátalþróttir fyrir hádegis, en gönguferðir í ýmsa staði í nágrenninu. Um kvöldið verður varðeldur og síðan næturleikur.

Laugardagur 6. júlí. Leikir í.h. en eftir hádegis keppni í skátalþróttum. Kl. 16.30 hefjast heimsóknir almennings, og er óskað eftir því að fólk komi ekki á öðrum tímum. Fara þar fram ýmsis hópýningaratriði. Kl. 20.30 verður aðalvarðeldur mótsins. Þennan dag verður einnig heimsóknardagur fyrir ljósálfa og yflinga.

Sunnudag 7. júlí. Skátamessa í.h. en mótinu slitið kl. 16.00 og halda skátar heim fjótleiga eftir mótslit. Botnsdalur er annalaður fyrir

ir fegurð og kunna skátar vel að meta það, því að þetta er í þriðja sinn sem Akranesskátar standa fyrir slíku móti þar. Þátttökutillkynningar þurfa að berast sem fyrst til Slg. B. Sigurðssonar á Akranesi. Sími 512 og 599.

Verzlanir K. Þ. breyta um svip

ÞJ-Húsavík, 4. júní, 1963.

Í VETUR hafa farið fram gagnræpar breytingar á þremur höðum í aðalverzlunarbúsi KP á Húsavík. Fyrir nokkru var Járn- og gleiðvörudeild opnuð eftir breytinguna og var þá búið að fara hana í mjög nýtskulegt horf. — Viðskiptamenn geta sjálfir gengið að hillunum og skoðað allar þær vörur, sem á höfðólum eru.

Nýlenduvörudeild og kjötbúð, sem áður voru tvær búðir, hefur verið breytt í eina kjörbúð og var hún opnuð í síðastliðinni viku. Að baki búðarinnar hefur verið komið fyrir frystigeymslum og kæliklefum fyrir matvörur og í búðinni sjálfri eru kæliborð, sem við skiptamenn geta gengið að og afgreitt sér vörur sínar sjálfir.

Kjöt og ýmsar aðrar matvörur eru í gagnsæum umbúðum og er mismunandi magn í hverri einkingu. Húsmæður eru mjög hrifnar af hve þeim er með því fyrirkomu lagi gert auðvelt að velja sér það, sem þeim hentar best hverju sinni.

Öll er búðin björt og glæsileg yfir að líta.


T Í M I N N, föstudagurinn 21. júní 1963. —

Tíminn 21.6.1963



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013



Frá skátamótinu í Botnsdal 1963.

Skátamót í Botnsdal

NÚ í SUMAR dagana 29. júní til 2. júlí mun Skátafélag Akraness gangast fyrir skátamóti í Botnsdal í Hvalfirði. Er boðið til þess skátum hvaðanæva af landinu, en aðalega ætlað skátum af Suður-og Vesturlandi.

Náttúrufegurð í Botnsdal er margrómuð. Tjaldað verður í gróskumiklum skógi, sem er um kringdum fjöllum: Þyrill, Hvalfell og Botnasúlur, svo að nokkur séu nefnd. Slíkt mót sem þetta hafa áður verið haldin 3-svar í Botnsdal 1957, 1960 og 1963 og hafa tekizt mjög vel.

Dagskrá verður að skátavísu fjölbreytt þar sem fara fram störf við tjaldbúðir, leikir ásamt keppnum í skátalþróttum, en hverju kvöldi lýkur með varðeldi.

Farið verður í gönguferðir um nágrennið á fagra og skemmti-

lega staði m.a. að hæsta fossi landsins, Glym, sem fellur fram í hrikalegu gljúfri. Gengið verður á fjöll í nágrenninu og getur hver valið ferð við sitt hæfi.

Fjölskyldubúðir eru sérstaklega ætlaðar eldri skátum með fjölskyldur sínar, verða staðsettar í fögru rjóðri á árbakka. Geta þeir keypt sér mat á mótstað ásamt því að taka þátt í daglegum störfum mótsins. Þetta er reyndar fastur liður í skátamótum hérlandis og hefur gefizt vel. Var byrjað á þessu í Botnsdal 1960.

Heimsóknardagur er á laugar- dag síðdegis. Er foreldrum og almenningi þá heimilt að heimsækja mótið.

Skátafélögum hafa verið sendar nánari upplýsingar um mótið og er skátunum bent á að hafa samband við foringja sína.

Þátttökugjald verður 450 krón

ur og innifalið í því allir matar, aðstaða á mótinu, mótsmerki og söngbók.

Þátttökutilkynningar skulu hafa borist fyrir 15. júní.



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013



Frá síðasta skátamóti á Þingvöllum.

Skátamót í Botnsdal í júlí

NÚ í sumar 3.—6. júlí gangast skátar á Akranesi fyrir skátamóti í Botnsdal inn úr Hvalfirði.

Þar er náttúrufegurð mikil, góð tjaldstæði og skilyrði til útlífs hin bestu á allan hátt.

Undanfarin ár hafa skátamót verið haldin í Botnsdal af og til og við miklar vinsældir skáta — yngri og eldri.

5. skátamótið í Botnsdal hefst

fimmtudaginn 3. júlí og stendur til sunnudags 6. júlí.

Skátarnir dveljast í tjaldbúðum, hver hjá sínu félagi, en sérstakar tjaldbúðir eru ætlaðar fjölskyldum, þar sem eldri skátar geta komið með skylduljóð sitt.

Það nýmæli verður tekið upp að hafa sérstakar tjaldbúðir fyrir yfinga og ljósálfa og verða þær starfræktar laugardag 5.

júlí til sunnudags 6. júlí.

Dagskrá skátamóts sem þessa einkennist af tjaldbúðastörfum, en jafnframt skiptast á leikir og keppnir, lengri og skemmri ferðir, svo og varðeldar og fleira.

Um marga fýsilega staði er að velja svo sem að ganga að Glym, einum hæsta fossi landsins, þar sem hann fellur niður í hrikaleg gljúfur. Botnssúlur, Hvalfell og Þyrill blása við á næsta leiti og Hvalstöðin er skammt undan.

Það nýmæli verður tekið upp núna að efna til siglinga — bátsferða — um Hvalfjörð. Fáir hafa komið út í Geirshólma, þar sem Hörður og Helga dvöldu forðum ásamt liði sínu.

Á kvöldin verða varðeldar kynntir í fögru skógarljóði, en næturleikur verður síðla eitt kvöldið.

Á laugardag eru gestaheimsóknir síðdegis og eru allir velkomnir að fylgjast með störfum skátanna og vera við varðeld um kvöldið.

Að morgni sunnudags er guðsþjónusta, en mótið verður slitið kl. 3 e. h. þann dag.

Öllum skátum, eldri og yngri, en heimil þátttaka. Þurfa skátar, yfingar og ljósálfa að tilkynna félagsstjórnnum sínum þátttöku.

Skátar á Akranesi hafa í vetur starfað að skipulagningu og undirbúningi mótsins. Móttjóri verður Svava Sigurðsson, Akranesi, en honum til aðstoðar fjölmennt lið skáta. Verður reynt að vanda til alls svo að mótið megi takast vel frá fyrsta degi til hins síðasta. — Veðurguðir hafa alltaf verið skátum sérstaklega hliðhollir á Botnssdalismótum og verða svo vonandi enn.

Skátar um land allt verða velkomnir í Botnsdal í sumar 3.—6. júlí.



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

Mbl. 28.5.1969

Skátamót í Botnsdal

Á SJÖTTA hundrað skátar hafa tilkynnt þátttöku sína en auk þess má búast við að gamlir skátar fjölmennir í svonefndar fjölskyldubúðir.

Skátamótið verður sett við há tíðlega athöfn við varðelda í

kvöld. Á morgun, föstudag verður farið í ýmsar gönguferðir á nærliggjandi fjöllum svo sem Botnsúlur, skoðaður einn hæsti foss landsins, Glymur, Hvalstöðin heimsótt og farið í skemmtisiglingu um Hvalfjörð. Auk þess fara fram ýmsir leikir og keppni er við tjaldbúðirnar. Við varðeld um kvöldið verður stuttur næturleikur. (Viðavangsaleikur).

Á laugardag er heimsóknardagur eftir hádegi og er þá aðstandendum skáta og velunnurum boðið að heimsækja mótið. Þá mun verndari skátahreyfingarinnar dr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, heimsækja mótið og kynna sér störf skáta. Verða sýningar á skátafyrirbrotum kl. 17. Um kvöldið verður aðalvarðeldur mótsins og má búast við að gamla skáta fýsi að koma þá í hópinn aftur.

Laugardag og sunnudag hefst skátamessa undir berum himni. Sr. Jón Einarsson, sóknarprestur í Saurbæ prédikar. Mótinu verður slitið kl. 15.

Er blaðið átti tal við Akranes skáta í gær voru þeir hinir bjart sýnustu um að mótið myndi takast vel, en mikill fjöldi þeirra hefur unnið að undirbúningi í langan tíma undir stjórn mótstjórans, Svavars Sigurðssonar.

flokknum Sex í bíl, og lék Gunnar Eyjólfsson þá unga skóldið, og var þá leikstjóri. Það er hann einnig nú, og var þá Þongrímur sá eini af þessum hópi, sem lék í leiknum. Gagnir hann nú hlutverki, sem Gísli Alfreðsson lék í vetur.



Út á land með Candidu.

mbl. 3.7.1969



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013

SKÁTA- FRÉTTIR



Skátamót í BOTNSDAL

Að tilhlutan skátafélags Akraness var haldið skátamót í Botnsdal, er sett var af mótstjóranum, Svavari Sigurðssyni, að kvöldi þess 3. júlí.

Flokkakeppni hófst á föstudagsmorgun og tóku um 20 flokkar þátt í henni, en hún var mjög fjölbreytt og skemmtileg. Voru þá valdir úr 3 beztu flokkarnir af hvoru kyni og kepptu þeir síðan til úrslita á laugardag að viðstöddum forseta Íslands og frú hans.

Gönguferðir hófust einnig sama dag og fóru 36 skátar á Botnssúlur, 100—200 manns fóru í hvalveiðistöðina og í siglingu um Hvalfjörð, en ekki var farið út í Geirshólma. Tókst þessi ferð mjög vel. Milli 100—200 fóru í gönguferð að hæsta fossi landsins, Glym, sem fellur fram í hrikalegu gljúfri, og var gengið í 30 manna flokkum.

Næturleikur fór fram á föstudagskvöld og voru þátttakendur aðallega yngri skátarnir, og heppnaðist hann vel.

Á laugardag var mótið opnað gestum kl. 14. Klukkan 14.30 komu forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, og kona hans, frú Halldóra Eldjárn, í heimsókn á mótið. Þá komu einnig skátahöfðingi Íslands Jónas B. Jónsson og fleiri úr stjórn B.Í.S. og fjöldi gesta, sem mótstjórn hafði boðið að koma. Móttöku forsetahjónanna var þannig háttað, að fyrst var gengið um búðirnar, þar sem skátarnir voru ýmist að starfi eða leik. Síðan var öllum gestum boðið til kaffidrykkju í stóru tjaldi, en að því loknu fór fram sérstök dagskrá á leikjaflötinni, þar sem m. a. fóru fram

úrslit í flokkakeppninni o. fl. Þar var forseta Íslands afhentur geysivandaður staður, sem hagleiksmaður á Akranesi hafði gert. Síðan kvöddu forsetahjónin.

Síðar hófust svo gönguferðir yflinga og ljósálfa, en þeim hafði verið boðið að koma á laugardag og dvelja fram á sunnudag. Var þetta fyrsta útilega þeirra flestra.

Á sunnudag var einnig dagskrá fyrir yflinga og ljósálfa, en kl. 10.30 hófst guðspjónusta og predikaði séra Jón Einarsson sóknarprestur að Saurbæ.

Veðrið var ágætt mestallan tímann, en þó var nokkuð kalt framan af. Á sunnudeginum var veðrið eins og það getur best orðið í Botnsdal og er þá mikið sagt.

Fjöldi skátanna, sem dvöldu á mótinu, var í kringum 660. Yflingar og ljósálfar voru um 40 og í fjölskyldubúðum dvöldu um það bil 150, þannig að um það bil 850 munu hafa dvalið á mótinu um lengri eða skemmri tíma.

Á varðeldinum á laugardagskvöldið munu hafa verið hátt í 1500 manns í yndislegu veðri og tókst hann mjög vel.



úr Æskunni 70.árg. 10.tbl. 1.10.1969 bls. 460



Gjallarhornið

Aukablað vegna Haustlitaferðar 2013



Morgunblaðið/Jón Gunnlaugsson

UNGIR skátadrengrir á Akranesi í skoðunarferð við Skorradalavatn.

Skátastarf í 70 ár á Akranesi

Akranesi - Um þessar mundir eru liðin 70 ár frá því Skátafélagið Væringjar var stofnað á Akranesi og minnst skátar á Akranesi þessara tímamóta með ýmsu móti. Kvenskátafélag Akraness var síðan stofnað 1928. Þessi tvö félög voru sameinuð 2. nóvember 1952 í Skátafélag Akraness, sem hefur haldið úti öflugu starfi frá þeim tíma og gerir enn.

Það var á vordögum árið 1926, nánar tiltekið á uppstigningardag, 13. maí, að Skátafélagið Væringjar, drengjafélag, var stofnað. Stofnendur voru átta talsins og foringi þeirra Jón Hallgrímsson. Jón, sem var eldheitur hugsjónamaður, altekinn af markmiðum skátahreyfingarinnar, lagði fram krafta sína og starfsorku í þágu skátastarfsins á Akranesi og hvatti menn til dáða, fullviss um hinn góða málstað. Jón andaðist langt um aldur fram árið 1940. Aðrir stofnendur voru bræðurnir

Hreggviður og Jón Steinssynir, bræðurnir Lárus og Jón Árnasynir, Niels R. Finsen, Þórður Hjálms-son og Þorvaldur Ellert Ásmundsson. Allt voru þetta kunn nöfn í bæjarlífinu á Akranesi á síðari tímum og athafnamenn í fremstu röð.

Kvenskátafélag Akraness var stofnað 25. mars 1928. Fyrsti foringi þess var Svava Þorleifsdóttir skólustjóri. Svava var mjög áhugað um æskulýðsstarf og menningarmál og mikil baráttukona um jafnrétti kynjanna. Hún gerði sér snemma ljósa grein fyrir þýðingu skátastarfsins fyrir stólkur jafnt sem pílta. Aðrir stofnendur félagsins voru systurnar Halldóra og Valgerður Briem, Ragnheiður Þórðardóttir og Sigríður Einarsdóttir.

Aðstaða í Skorradal

Skátafélag Akraness hefur haldið úti öflugum félagsstarfi frá stofnun þess og komið víða við.

Þeir byggðu upp á sínum tíma glæsilegt félagsheimili á Akranesi, héldu fjölmenn skátamót í Botnsdal á sjöunda áratugnum og hafa nú á síðustu árum verið að byggja upp náttúru- og útlífisaðstöðu í Skorradal. Þar er komin upp fyrirmyndaraðstaða bæði í húsaáætlun og aðstöðu utandyra, auk þess sem félagið hefur lagt mikla áherslu á skógrækt á þessu fallega svæði.

Skátar á Akranesi minnst þessara tímamóta með hátíðarhöldum á Akranesi sunnudaginn 12. maí. Safnast verður saman við Skátahúsið kl. 13.50 og gengið í skrudgöngu með lúðrasveit að Fjölbautaskóla Vesturlands. Þar fer fram hátíðardagskrá með fjölbreyttum atriðum. Einnig verða bornar fram veitingar. Allir eldri skátar eru boðnir velkomnir og hvattir til að gleðjast með félögum sínum á þessum merku tímamótum.